



## AÐALSKIPULAG LANGANESBYGGÐAR 2007-2027

Tillaga

Aðalskipulagsbreyting vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar

**30.05.2024**





Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

#### SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til: \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

#### UPPLÝSINGAR

##### SKJALALYKILL

103047-GRG-002-V04

##### HÖFUNDUR

Anna Katrín Svavarsdóttir og Kamma Dögg Gísladóttir

##### RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
1.2	Markmið breytinga	4
2.	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.2	Höfnin og hafnarmannvirkin	5
2.3	Hafnarframkvæmdir	7
2.4	Efnisflutningar og notkun	8
2.5	Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027	8
2.6	Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.6.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	9
2.6.2	Deiliskipulag	10
1.6.3	Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó	10
1.6.4	Minjaskráning	10
3.	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	11
3.1	Miðbæjarsvæði	11
3.2	Hafnarsvæði (sjávarútvegur)	11
3.3	Athafnasvæði	12
3.4	Iðnaðarsvæði	12
3.5	Opin svæði til sérstakra nota	12
4.	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	12
4.1	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	12
4.2	Valkostir og samanburður	13
5.	MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	14
5.1	Skipulags- og matslýsing	14
5.2	Kynning og auglýsing skipulagstillögu - Vinnslutillaga	14
5.3	Skipulagsferlið	15

## 1. INNGANGUR

Langanesbyggð leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2017, skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfismatskýrslu, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsbreytingin er unnin með skipulags- og umhverfisnefnd Langanesbyggðar.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og þéttbýlisupprætti Þórshafnar. Breytingin er sett fram í greinargerð þessari og á upprætti.

### 1.2 Markmið breytinga


Markmiðið er að endurskoða skipulag á hafnarsvæði Þórshafnar vegna áforma um frekari uppbyggingar starfsemi á svæðinu. Setja þarf ramma utan um fyrirhugaða uppbyggingu og tryggja sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum sem reiða sig á aðgengi að höfninni nægt athafnasvæði til framtíðar. Þá er Siglingarsvið Vegagerðarinnar að hanna og útfæra áformin með sveitarstjórn en lagt er upp með að lengja hafnarkant Nýju bryggju, dýpka höfnina, gera landfyllingu og lengja Norðurgarð. Þá hyggst Ísfélagið reisa frystigeymslu á landfyllingu austan við núverandi frystihús til þess að auka frystigetu félagsins. Áformin kalla á breytingu á aðalskipulagi og samhliða verður gerð heildarendurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þórshafnar.

## 2. FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

### 2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Skipulagssvæðið er um 22 ha og afmarkast af Bakkavegi og fjöruborði í norðri, fjöruborði og varnargarði í austri, varnargarði og sjó í suðri og varnargarði og strandlengju í vestri. Svæðið hallar lítilega að sjó og einkennist af haftengdri starfsemi; frystihús, fiskimjölsverksmiðja, tankar, viðlegukantar, smábátahöfn, sjóvarnargarðar, uppsátur og geymslusvæði. Suðri hluti svæðisins er byggður á landfyllingu og er yfirborð svæðisins að mestu raskað á einn eða annan hátt. Þó er austast á svæðinu óröskuð eða lítt röskuð fjara. Elstu byggingar á svæðinu eru frá 3. og 4. áratug 20. aldar og þær nýjustu frá árinu 2020. Þó að flestar byggingar á svæðinu tengist sjávarútvegi, er þar einnig að finna gistiheimilið Sand (Eyrarvegur 8) og veitingarstaðinn Bárúna (Eyrarvegur 3). Þá er starfrækt frystihús (Hafnarvegur 12) og fiskimjölsverksmiðja (Hafnarvegur 2-6). Í frystihúsinu er unninn bolfiskur og uppsjávarfiskur en í fiskimjölsverksmiðjunni er framleitt fiskimjöl úr loðnu, síld og makríl.

Atvinnulíf á Þórshöfn hefur byggst upp á útgerð og fiskvinnslu þar sem gott skipalægi er á Þórshöfn<sup>1</sup>. Heildar aflamagn sem landað hefur verið á Þórshöfn er nokkuð breytilegt milli ára en á árunum 1986 til 2022 hefur aflinn verið á bilinu 200.000 – 800.000 tonn (sjá mynd 1). Þar sem sjávarútvegur er ein af aðal atvinnugrein á svæðinu er mikilvægt að búa vel um hnútanna, byggja upp góða hafnaraðstöðu og fylgja eftir framþróun í greininni til þess að starfsemin sé samkeppnishæf.



MYND 1: Heildar magn landaðs afla á Þórshöfn, 1982-2021

## 2.2 Höfnin og hafnarmannvirkin

Með vaxandi útgerð hafa hafnarmannvirki á Þórshöfn verið stækkuð. Fyrst voru smábátabryggjur úr timbri en árið 1937 var gerður um 100 metra langur brimbrjótur og árin þar á eftir var smíðuð bátabryggja austan við hann, svokölluð Hafnarbryggja. Árið 1956 var byggð ný bátabryggja og árið 1957 var byrjað að breikka og stækka gamla öldubryggjuna. Það var síðan haustið 1963 sem stærri strandferðaskip gátu lagst að bryggju<sup>2</sup>. Nú í dag verja höfnina varnargarðarnir, Norðurgarður og Suðurgarður. Sumarið 2007 var norðurgarður lengdur en hann á sér langa sögu. Suðurgarður var gerður á tíunda áratug tuttugustu aldar. Í gegnum tíðina hafa verið gerðar þó nokkrar dýpkanir við hafnarmannvirkin á Þórshöfn t.d. árið 1987, 1991, 1993-4<sup>3</sup> og 2002-3<sup>4</sup>.

Þórshafnarhöfn er meðalstór fiskihöfn og megin þorri þeirra skipa sem koma til hafnarinnar eru fiskiskip og trillur. Flest stærri skipanna sem koma til Þórshafnar eru fjölveiðiskip þar sem megin vinnsla sjávarafla er byggð upp í tengslum við uppsjávarvinnslu. Önnur skip sem koma til Þórshafnar eru flutningaskip og olúskip en lítið er um aðra fraktflutninga. Innsigling er með 9 m dýpi á stórstraumsfjöru. Aðal viðlegukantarnir eru þrír; Löndunarbryggja, Hafskipabryggja og Nýja bryggja. Viðlegukantur Löndunarbryggju er um 100 m langur og dýpi er um 8,5-9 m. Hafskipabryggja er með 100 m langan viðlegukant og 8-9 m dýpi og Nýja bryggja er með 160 m löngum viðlegukanti og 8-9 m dýpi. Einnig er góð aðstaða fyrir smábáta og 40 m löng flotbryggja sem er innst í höfninni<sup>5</sup>.

<sup>1</sup> Íslenski ferðavefurinn (á.á). *Þórshöfn*. Sótt þann 15.01.24 á vef <https://is.nat.is/thorshofn-2/>

<sup>2</sup> Teikn, ráðgjöf og hönnun (2011). *Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027. Greinargerð og umhverfisskýrsla*. Langanesbyggð.

<sup>3</sup> Jarðfræðistofa Kjartans Thors (2002). *Þórshöfn: gerð hafbotns á hafnarsvæði*. Siglingarstofnun Íslands.

<sup>4</sup> Jarðfræðistofa Kjartans Thors (2013). *Hafsbót á hafnarsvæði Þórshafnar: Breytingar 2002-2012*. Siglingarstofnun Íslands.

<sup>5</sup> Langanesbyggð (2022). *Langaneshafnir. Áætlun Langaneshafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa*.



**MYND 2.** Sjá má afmörkun skipulagssvæðis með brotalínu.

Fjórar útrásir fráveitu eru frá þéttbýlinu, en nokkuð mismunandi er hversu margar byggingar eru tengdar við þær. Síðan eru nokkur stök hús tengd við rotþrær<sup>6</sup>. Árið 2014 var heildar losun frá þéttbýlinu 2.510 persónueiningar. Engin hreinsun er á fráveitu en viðtakinn er síður viðkvæmur.<sup>7</sup> Þá nær engin útrás niður fyrir stórstraumsfjöru<sup>8</sup>.

<sup>6</sup> Þorri Friðriksson (2023). Samtal þann 9. Janúar 2023.


<sup>7</sup> Umhverfisstofnun (2017). *Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014*.

<sup>8</sup> Efla (2015). *Nauðsynlegar athuganir og aðgerðir í fráveitumálum sérstaklega m.t.t. útrása* (Minnisblað).

Almennt stendur til að fækka útrásum frá þéttbýlinu, koma fyrir hreinsistöðvum og lengja útrásir. Á suðurenda hafnarsvæðisins er ein útrás (Súes) og tekur hún við stærstum hluta fráveitu frá þéttbýlinu. Þá eru fyrirætlanir um að koma þar fyrir hreinsistöð.

### 2.3 Hafnarframkvæmdir

Gert er ráð fyrir að gera allt að 0,6 ha landfyllingu austan við núverandi hafnarsvæði, þar sem nú er m.a. smábátahöfn og uppsátur. Á gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir 0,4 ha landfyllingu. Jafnframt er gert ráð fyrir að lengja viðlegukant Nýju bryggju um allt að 120 metra til austurs og lengja Norðurgarð um allt að 80 metra. Síðan er gert ráð fyrir að dýpka þurfi umhverfis lengingu á Nýju bryggju og að smábátahöfn (sjá mynd 3).



**MYND 3.** Vinnslutillaga að hafnarskipulagi við Þórshöfn (Vegagerðin, 2023<sup>9</sup>).

Vegna fyrirhugaðrar framkvæmda á hafnarmannvirkjum hafa verið gerð líkön af aðstæðum í höfninni. Líkönin sýna þá hvaða breytinga má vænta vegna fyrirhugaðra framkvæmda t.d. á ölduhæð við kanta, sogkrafta og öldustefnu<sup>10</sup>. Miðað við fyrir fram gefnar forsendur, t.d. 90 m lengingu á Nýju bryggju (með stálpili) og rúmlega 0,4 ha landfyllingu, gefa fyrstu niðurstöður til kynna að breytingar verða helst við fyrirhugaða smábátahöfn. Annars vegar að ölduhæð minnkar og hins vegar að soghreyfingar aukast.

<sup>9</sup> Vegagerðin (2023) Þórshöfn, Hafnarskipulag – tillaga

<sup>10</sup> Vegagerðin (2023) Þórshöfn, Hafnarreiknilíkan – Kynning á fyrstu niðurstöðum.

## 2.4 Efnisflutningar og notkun

Gert er ráð fyrir að það þurfi allt að 20.000 m<sup>3</sup> af efni fyrir allt að 6.000 m<sup>2</sup> landfyllingu. Síðan er ráðgert að það þurfi allt að 35.000 m<sup>3</sup> af efni fyrir 4.000 m<sup>2</sup> stækkun á Nýju bryggju. Þá er ráðgert að magn dýpkunarefnis sé u.þ.b. 47.000 m<sup>3</sup> en gert er ráð fyrir að nýta dýpkunarefnið til hafnarframkvæmda eins og hægt er. Í landfyllingu er gert ráð fyrir góðu berandi efni og að nýta eins og kostur er dýpkunarefni og síðan verður efni sótt úr Hálsnámu (N8/N15). Ef kemur til þess, þá veður umfram dýpkunarefni losað eða varpað á viðurkennd svæði samkvæmt leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis<sup>11</sup>.

## 2.5 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Í gildi er Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027, staðfest 18.07.2013. Þar er skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði en einnig að hluta til miðsvæði og athafnasvæði.

Í stefnumörkun fyrir hafnarsvæðið (sjávarútveg) kemur fram að styrkja eigi sjávarútveg með bættri hafnaraðstöðu á bæði Þórshöfn og Bakkafirði. Þá kemur m.a. fram í leiðum að stefnumiðum að auka eigi viðlegurými á Þórshöfn með fyllingu við syðri brimvarnargarð og þil.

Fyrir miðsvæðið er m.a. sett fram stefnumörkun þess efnis að miðsvæðin verði eflað með þjónustu, aðlaðandi umhverfi og góðu aðgengi. Síðan kemur fram í leiðum að stefnumiðum að áhersla sé á uppbyggingu aðgengis á svæðum nálægt höfninni og skruðgarðinum á Þórshöfn.

Í kaflanum Sjósamgöngur og hafnir kemur fram að hafnarsvæðið við Þórshöfn þarf að nýta sem best fyrir hafsækna starfsemi þar sem það hefur mjög takmarkaða möguleika til stækkunar án landfyllinga. Jafnframt er stefnt að því að önnur starfsemi á hafnarsvæðinu muni víkja með tímanum fyrir hafsækna starfsemi. Síðan kemur fram að núverandi syðri brimvarnargarður verði færður til suðurs og lengdur til að auka viðlegurými og athafnasvæði auk þess að bæta aðstöðu fyrir smá- og skemmtibáta.


Í stefnu um veitur kemur fram að mengun af fráveitu verði eins lítil og kostur er og innan viðmiðunarmarka mengunarreglugerðar. Þá kemur fram að fráveita í þéttbýlinu á Þórshöfn er í góðu ástandi með samræmdri útrás.

Í stefnu um landfyllingar kemur fram að auka verði landrými fyrir hafnar-, athafna- og iðnaðarstarfsemi með landfyllingum. Þá kemur fram að á aðalskipulagsuppdrætti sé fyrirhuguð 0,4 ha landfylling á hafnarsvæðinu á Þórshöfn. Einnig er gert ráð fyrir að syðri brimvarnargarður (H2) verði færður suður svo að það myndist vasi með viðleguköntum og plássi fyrir flotbryggjur. Jafnframt að landfylling verði meðfram köntum fyrir athafnasvæði og beitningarskúra. Síðan kemur fram að ætluð efnistaka er með uppdælingu úr höfninni þar sem frekari dýpkunar er þörf. Það umframefni sem þörf er á í brimvarnargarð verði annað hvort sótt í Hálsnámu (N15) á Þórshöfn eða í Finnafjörð.

---

<sup>11</sup> Umhverfisstofnun (2019). *Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis*. Reykjavík.





**MYND 4.** Gildandi þéttbýlisuppráttur Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027, ásamt loftmynd undir.

## 2.6 Tengsl við aðrar áætlanir

### 2.6.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggða umhverfis. Einnig að við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftlagsbreytinga. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og verður horft til þess við gerð þessarar skipulagsáætlunar:

„3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“*

„3.4.1 Öflugir innviðir.

*Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“*

## 2.6.2 Deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi *Deiliskipulag hafnarsvæðis á Þórshöfn*, samþykkt 18.09.2007. Gerðar hafa verið þrjár breytingar á því. Sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd telur ákjósanlegra að fara í heildarendurskoðun á deiliskipulagi hafnarsvæðisins þar sem nú er áformuð uppbygging og nú þegar hafa orðið nokkrar breytingar á gildandi skipulagi hafnarinnar. Gildandi deiliskipulag verður fellt úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Tvær deiliskipulagsáætlanir liggja að hafnarsvæðinu sem taka þarf tillit til við endurskoðun deiliskipulagsins:

- *Deiliskipulag miðsvæðis á Þórshöfn*, samþykkt 18.02.2021.
- *Deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn*, samþykkt 22.08.2019.

## 1.6.3 Viðmiðunarreglur um lágmarks landhæð á lágsvæðum við sjó

Viðmið fyrir landhæð á lágsvæðum tekur mið af stjarnfræðilegum sjávarföllum, áhlaðanda vegna loftþrýstings, vinds og öldu, ásamt afstöðubreytingum lands og sjávar vegna lóðréttra skorpuhreyfinga og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar. Skv. viðmiðunarreglum Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum er meðalstórstraumsflóð á Þórshöfn +1,4 m í hafnarkerfi<sup>12</sup>.

## 1.6.4 Minjaskráning

Fornleifaskráning hefur farið fram og á svæðinu er að finna heimildir um 15 minjar<sup>13</sup>. Flestar minjarnar tengjast sjósókn og verslun s.s. bryggjur, mjölbræðsla, geymsluhús og verslunarhús. Á svæðinu var einnig að finna híbýli manna og byggingar sem tengdust landbúnaði, s.s. sláturhús.

Í húsaskráningu kemur fram að elsta húsið á svæðinu er Eyrarvegur 8, sem byggt var árið 1930<sup>14</sup>. Í deiliskipulagi verða, eftir því sem við á, settir skilmálar fyrir einstök mannvirki út frá niðurstöðu húsaskráningar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir þekktum minjum og mögulegum áhrifum. Jafnframt verður eftir atvikum settir skilmálar fyrir mannvirki út frá húsaskráningu.

---

<sup>12</sup> Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð, 2018.

<sup>13</sup> Brenda Prehal (2022). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir hafnarsvæði og suðurbæ Þórshafnar í Langanesbyggð*. Byggðarsafn Skagfirðinga

<sup>14</sup> Kamma Dögg Gísladóttir og Vanessa R. Apolinario (2023). *Skipulag hafnarsvæðis á Þórshöfn, húsaskráning vegna deiliskipulags*. EFLA.

### 3. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð og þéttbýlisupprætti. Ný eða breytt ákvæði eru sett fram eftir kaflaröð gildandi aðalskipulags. Að öðru leyti en því sem hér kemur fram gilda skilmálar gildandi skipulags.

#### 3.1 Miðbæjarsvæði

##### Stefna í gildandi skipulagi

###### Þórshöfn

Í aðalskipulaginu er miðsvæði Þórshafnar stækkað til suðurs og vesturs og skapar þannig heilsteyptara miðsvæði sem er í betri tengslum við hafnarsvæðið þar sem bæjarbúar og gestir verða varir við stöpul atvinnulífs þéttbýlisins.

Gert er ráð fyrir að verslun geti byggst upp á reit austan íþróttavallar og vera þar með hlekkur í tengingu miðsvæðis við skipulagðan fjölskyldugarð.

Þjónusta á borð við hótél og skammtíma leiguíbúðir á að geta byggst upp á svæði sunnan og vestan Langanesvegar, við hlið og á móts við Félagsheimili (Gistiheimilið Lyngholt Langanesvegi 12). Einnig er litið til svæðis þar sem núverandi náma er staðsett ofarlega í byggðinni sem tilvöldum hótélreit.

Stuðlað verði á skipulagstímanum að markvissri uppbyggingu miðsvæðisins með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu þar, svo aðgengi íbúanna sé sem best.

##### Stefna í breyttu skipulagi

Miðbæjarsvæði næst höfninni á Þórshöfn minnkar en stefnan er sú sama.

HEITI	SKILMÁLAR
Miðsvæði Þórshafnar – M1	Í aðalskipulaginu er miðsvæði Þórshafnar stækkað til suðurs og vesturs og skapar þannig heilsteyptara miðsvæði sem er í betri tengslum við hafnarsvæðið þar sem bæjarbúar og gestir verða varir við stöpul atvinnulífs þéttbýlisins. Gert er ráð fyrir að verslun geti byggst upp á reit austan íþróttavallar og sé þar með hlekkur í tengingu miðsvæðis við skipulagðan fjölskyldugarð. Þjónusta á borð við hótél og skammtíma leiguíbúðir á að geta byggst upp á svæði sunnan og vestan Langanesvegar, við hlið og á móts við Félagsheimili (Gistiheimilið Lyngholt Langanesvegi 12). Einnig er litið til svæðis þar sem núverandi náma er staðsett ofarlega í byggðinni sem tilvöldum hótélreit. Stuðlað verði á skipulagstímanum að markvissri uppbyggingu miðsvæðisins með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu þar, svo aðgengi íbúanna sé sem best. Heildarstærð miðsvæðis Þórshafnar er 14,0 ha.

#### 3.2 Hafnarsvæði (sjávarútvegur)

##### Stefna í gildandi skipulagi

Í gildandi skipulagi eru engin ákvæði er varða hafnarsvæðið H1 sérstaklega. Heldur gilda almenn ákvæði fyrir hafnarsvæði.

##### Stefna í breyttu skipulagi

Bætt er við skilmálum um hafnarsvæðið H1. H1 stækkar til austurs og einnig er stækkun vegna lengingar á hafnarkanti og lengingar varnargarða.

HEITI	SKILMÁLAR
Hafnarsvæði Þórshafnar - H1	Heimild fyrir fiski- og flutningahöfn með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu. Heimild fyrir starfsemi og uppbyggingu á hafsækinni starfsemi t.d. fiskvinnslu, bræðslu, fiskmarkaði, geymslu- og lagersvæði. Heimild fyrir landfyllingu 0,6 ha og lengingu á Norðurgarði um allt að 80 m. Áhersla er á snyrtilega ásýnd bygginga og lóða. Heildarstærð hafnarsvæðis er 8,6 ha.

### 3.3 Athafnasvæði

Stefna um athafna- og iðnaðarstarfsemi er sú sama og í gildandi skipulagi. Athafnasvæði neðan við Bakkaveg er fellt út.

### 3.4 Iðnaðarsvæði

Stefna um athafna- og iðnaðarstarfsemi er sú sama og í gildandi skipulagi. Bætt er inn nýju iðnarsvæði neðan við Bakkaveg og bætt er við skilmálum fyrir iðnaðarsvæðið I2.

HEITI	SKILMÁLAR
Iðnaðarsvæði neðan við Bakkaveg – I2	Iðnaðarsvæði með tengingu við hafnarsvæði. Heimild er fyrir olíubirgðastöð, þvottaplani, hreinis- og dælustöð fráveitu. Áhersla er á snyrtilega ásýnd bygginga og lóða. Gæta skal að mengun berist ekki frá svæðinu. Heildarstærð hafnarsvæðis er 0,3 ha.

### 3.5 Opin svæði til sérstakra nota

Stefna um opin svæði til sérstakra nota er óbreytt frá gildandi skipulagi. Opna svæðið sunnan byggðarinnar á Þórshöfn minnkar lítillega og verður 1,8 ha en var áður 2,0 ha.

## 4. UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Í umhverfismatsskýrslu fyrir aðalskipulagsbreytingu er leitast við að gera grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

### 4.1 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið

Áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

**TAFLA 1.** Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnunnar? Hefur stefnan áhrif á öryggi íbúa, gesta eða starfsfólks á hafnarsvæðinu?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Íbúar.</i>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúaþróun?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar eða mannvirki sem njóta verndar?	Samþykkt fornleifaskráning. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
<b>Sjór og strandsvæði</b>	Hefur stefnan áhrif á sjó og/eða strandsvæði ?	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

## 4.2 Valkostir og samanburður

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

- Valinn kostur – Breytt aðalskipulag. Hluti miðsvæðis verður hafnarsvæði. Á hafnarsvæði H1 er heimilt að gera allt að 0,6 ha landfyllingu, allt að 120 m lengingu á Nýju bryggju og allt að 80 m lengingu á Norðurgarði. Heimilt er að vera með dælustöð/hreinsistöð fráveitu.
- Núll kostur – Gildandi aðalskipulag. Heimilt er að gera 0,4 ha landfyllingu á hafnarsvæði.

Hér er greint frá áhrifum af breyttri stefnu og áhrifum af stefnu í gilandi skipulagi.

### VALINN KOSTUR

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Á svæðinu er löng atvinnusaga og svæðið hefur þegar byggst upp að stórum hluta. Þá er svæðið innan skilgreinds þéttbýlis og því hefur þegar verið raskað með mannvirkjum. Samt sem áður hafa stór atvinnuhúsnaði, varnargarðar og landfyllingar alltaf áhrif ásýnd og yfirbragð svæðis. Skilmálar um frágang draga úr neikvæðum áhrifum.

**Áhrif á heilbrigði eru metin neikvæð/jákvæð.** Með meiri umsvifum má búast við meiri hávaða á og frá svæðinu, a.m.k. meðan á framkvæmdum stendur. Þá er ráð gert að umferð um hafnarsvæðið verði takmörkuð og að í deiliskipulagi verði hugað að umferðarskipulagi til að stuðla að bættu umferðaröryggi, t.d. með góðum og skýrum göngu- og hjólaleiðum.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð.** Með bættri hafnaraðstöðu og meira landrymi fyrir hafsækna starfsemi aukast möguleikar á umfangsmeiri starfsemi á hafnarsvæðinu, sem stuðlar að atvinnusköpun og stöðuleika í atvinnulífinu. Jafnframt er mikilvægt fyrir afdrif sjávarútvegs á staðnum að hafa möguleika á að geta þróast í takti við framþróun í greininni.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg.** Á svæðinu hefur farið fram fornleifaskráning og húsaskráning. Á svæðinu er að finna heimildir um 15 minjar en engar þeirra eru lengur sjáanlegar. Elsta húsið innan svæðisins er byggt árið 1930. Sett er stefna um að í deiliskipulagi skuli gera grein fyrir þekktum minjum og eftir atvikum setja skilmála um mannvirki út frá niðurstöðu húsaskráningar.

**Áhrif á sjó og strandsvæði eru metin neikvæð/óveruleg.** Uppdæling, landfylling og lenging varnargarða mun raska sjávarbotni/grunnsævi. Þar sem uppdæling hefur farið nokkrum sinnum fram í höfninni er grunnsævi raskað, a.m.k. að hluta til. Jafnframt mun hluti af núverandi fjöru við Hlein raskast með landfyllingu. Þá er gert ráð fyrir að gengið verði frá fráveitu á fullnægjandi hátt og er því ekki gert ráð fyrir áhrifum á strandsvæði vegna fráveitu.

#### NÚLL KOSTUR

**Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.** Svæðið hefur verið byggt upp að stærstum hluta en einnig er möguleiki samkvæmt gildangi aðalskipulagi að gera 0,4 ha fyllingu þar sem nú er smábátahöfn.

**Áhrif á heilbrigði eru metin neikvæð.** Huga þarf að bættu umferðaröryggi á svæðinu þar sem umferð vinnuvéla- og tækja hefur aukist með meiri umsvifum og samliða hefur ferðamönnum fjölgað.

**Áhrif á samfélag eru metin neikvæð.** Sjávarútvegur hefur þróast hratt síðustu ár og er ákveðin hætta fólgin í því að dragast aftur úr, sem getur haft mikið að segja varðandi framtíðarmöguleika greinarinnar á staðnum og þar með atvinnulífs. Í gildandi skipulagi eru ákveðnar takmarkanir sem geta haft uppbyggingaráform í sjávarútvegi og þannig haft áhrif á atvinnutækifæri og tekjustofna sveitarfélagsins.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óviss.** Á svæðinu hefur farið fram fornleifaskráning og húsaskráning. Á svæðinu er að finna heimildir um 15 minjar en engar þeirra eru lengur sjáanlegar. Síðan er elsta húsið innan svæðisins byggt árið 1930.

**Áhrif á sjó og strandsvæði eru metin neikvæð.** Uppdæling, landfylling og bygging varnargarða munu raska sjávarbotni/grunnsævi. Þar sem uppdæling hefur farið nokkrum sinnum fram í höfninni er grunnsævi þegar raskað a.m.k. að hluta til. Jafnframt mun hluti af núverandi fjöru við Hlein raskast með landfyllingu. Þá er hreinsun á fráveitu er ábótavant og ekki er gert ráð fyrir svæði undir hreinsistöð.

## 5. MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARADILAR

### 5.1 Skipulags- og matslýsing

Skipulagslýsing var auglýst og kynnt. Við skipulagslýsinguna bárust 6 umsagnir frá: Heilbrigðiseftirliti Norðurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

### 5.2 Kynning og auglýsing skipulagstillögu - Vinnslutillaga

Aðalskipulagsbreyting verður auglýst í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og skulu umsagnir berast þangað.

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa aðalskipulagsbreytingu, og á öðrum stigum í skipulagsferlinu:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin/siglingasvið
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Samgöngustofa
- Viðeigandi nefndir innan stjórnsýslu Langanesbyggðar
- Aðliggjandi sveitarfélög

### 5.3 Skipulagsferlið

Gert er ráð fyrir að vinnslutillaga verði kynnt og auglýst í mars 2024. Síðan er gert ráð fyrir að skipulagstillaga verði kynnt og auglýst á vormánuðum 2024 og taki gildi sumarið 2024.

# Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Aðalskipulagsbreyting vegna uppbyggingar á hafnarsvæði Þórshafnar



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:10.000

## SKÝRINGAR

- Svæði skipulagsbreytingar
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Íónaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Hverfisvernd
- Vötn, ár og sjór
- Brimvarnargarðar
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Safngata

Aðrar skýringar - ekki til staðfestingar

- Aðrar götur
- Byggingar til niðurrífs
- Aðalstígar
- Gönguleiðir/Útivistarstígar



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:10.000

## SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skiplagsgögn:

- Þéttbýlisuppdráttur í mkv. 1:10.000
- Gildandi uppdráttur fyrir Þórshöfn
- Breyttur uppdráttur fyrir Þórshöfn
- Greinargerð með umhverfismatskýrslu

Kortagrunnur:

Skiplagsuppdráttur er teiknaður í kortagrunni sveitarfélagsins.



Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027  
Aðalskipulagsbreyting vegna uppbyggingar  
á hafnarsvæði Þórshafnar

SKJALALYKILL: 103047      BLAÐSTÆRD: A4      UNNIÐ: AKS      RÝNT: IS

MÆLIKVARÐI: 1:10.000      DAGS: 30.05.2024      DAGS.BREYT:

SAMPYKKT: **TILLAGA**

